



HÖRGÁRSVEIT

Samstarfssamningur Hörgársveitar og Ungmennafélagsins Smárans

Sveitarstjórn Hörgársveitar og stjórn UMF Smárans gera með sér svofellðan samning um samskipti samningsaðila, notkun íþróttamannvirkja, styrkveitingar sveitarfélagsins til íþróttá- og æskulýðsstarfs á vegum UMF Smárans og önnur sameiginleg hagsmunamál

I. Almenn ákvæði

1. gr.

Samningsaðilar vilja með samningi þessum leggja áherslu á nauðsyn þess að efla tengsl Hörgársveitar og UMF Smárans á grundvelli skráðra samskiptareglna í þeim tilgangi að skýra ábyrgðar- og verksvið hvors aðila fyrir sig til eflingar á íþróttastarfi í Hörgársveit.

2. gr.

Hörgársveit viðurkennir mikilvægi íþróttá- og æskulýðsstarfs UMF Smárans og félagið leitast við að rækja hlutverk sitt og skyldur gagnvart íbúum sveitarfélagsins, sem eru skv. lögum félagsins eftirfarandi:

Að rækta lýð og land, efla og glæða áhuga almennings á heilsurækt og alhliða íþróttaiðkun og stuðla að ýmis konar félags- og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.

3. gr.

UMF Smárinn heitir því að hvetja börn og unglunga sem og aðra íbúa til þátttöku í íþróttá- og æskulýðsstarfi félagsins. Með því að veita þeim greiðan aðgang að félaginu og því starfi sem á hverjum tíma fer fram á þess vegum. Þess sé gætt að öll kyn hafi jafnan aðgang og möguleika á að taka þátt í íþróttum og öðru starfi á vegum félagsins.

II. Aðgangur UMF Smárans að íþróttamiðstöðinni á Þelamörk

4. gr.

Félagið hefur aðgang að íþróttasal íþróttamiðstöðvarinnar á Þelamörk til æfinga eftir nánara samráði við vaktstjóra. Semja skal við vaktstjóra um tímatöflu vetrarins fyrir 31. ágúst ár hvert og breytingar á tímatöflu skulu gerðar í samráði við hann. Tímatafla skal endurskoðuð og/eða staðfest fyrir 1. desember vegna komandi annar.

Leitast skal við að nýta þá tíma sem félagið fær til ráðstöfunar í beinu framhaldi skóladagsins til kl. 18 á virkum dögum. Samkomulag skal gert við Þelamerkurskóla um að ef á opnunartíma frístundar verður mikil aðsókn barna þaðan í tíma félagsins þá létti starfsfólk í frístund undir með þjálfara.

UMF Smárinn fær gjaldfrjálsan aðgang að öllum skipulögðum tímum á tímatöflu til klukkan 16:00 virka daga og frá klukkan 10 - 11 um helgar. Tímar utan ofangreindra skilgreininga eru greiddir af félaginu samkvæmt gjaldskrá íþróttamiðstöðvar með 40% afslætti. Gjaldfrjálsa tíma skal nýta í starf tengt börnum og unglungum.

Sérstakar upptökur, t.d. íþróttamót, skulu vera ókeypis tímamót í samráði við vaktstjóra íþróttamiðstöðvar. Fyrir tíma undir íþróttamót og slíka viðburði greiðir ungmennafélagið leigu samkvæmt gjaldskrá með 40% afslætti.

Í sérstökum tilfellum þegar um viðburði er að ræða sem kallar á útleigu íþróttasalar yfir einn dag eða fleiri daga þá er samkomulag um að starfsemi UMF Smárans víki á meðan þeir viðburðir fara fram. Ósk um slíkt berst frá vaktstjóra til formanns stjórnar þegar við á.

UMF Smárinn fær afnot af sundlaug fyrir skipulögð námskeið fyrir auglýstan opnunartíma samkvæmt samkomulagi við vaktstjóra.

5. gr.

UMF Smárinn hefur forgang að nýtingu sparkvallar við Þelamerkurskóla eins og annarra íþróttamannvirkja á svæðinu fyrir íþróttastarf á eigin vegum eftir skólatíma. Ber félaginu að afhenda vaktstjóra íþróttamiðstöðvar tímatöflu sumarsins eigi síðar en 15. maí ár hvert og tilkynna aðra notkun hverju sinni. Notkun og tímasetning ræðst af ástandi svæðisins og starfsáætlun félagsins.

III. Starfsemi og skyldur UMF Smárans

6. gr.

UMF Smárinn tekur að sér að skipuleggja íþróttastarf fyrir einstaklinga á öllum aldri á grundvelli samnings þessa.

7. gr.

Félagið leggur áherslu á íþróttastarf meðal einstaklinga á öllum aldri og nýtingu íþróttahúss og íþróttasvæðisins við Þelamerkurskóla í því skyni. Félagið ræður þjálfara með þessari starfsemi og skulu þeir ávallt vera viðstaddir þegar og þar sem skipulagðar æfingar fara fram á vegum félagsins.

8. gr.

Félagið skal halda greinargóða skrá yfir fjölda þeirra sem taka þátt í íþróttæfingum og keppnum á vegum félagsins eða sem fulltrúar þess í öðrum keppnum. Félagið skal afhenda atvinnu- og menningarnefnd tölulegar upplýsingar um íþróttaiðkun á vegum félagsins þegar þess er óskað.

9. gr.

Félagið fylgist með að umgengni á æfingasvæðum sé góð sem og meðferð tækja og alls búnaðar. Vaktstjóra íþróttamannvirkja skal gerð grein fyrir skemmdum eða sliti á búnaði og tækjum og þörf á endurnýjun.

10. gr.

Stjórn UMF Smárans skal skila ársskýrslu um starfsemi félagsins strax að loknum aðalfundi eða í síðasta lagi í maí ár hvert. Í skýrslunni komi fram upplýsingar um starfsemina á liðnu ári sem grundvallist á skráningu sbr. 8. grein enda tilgangurinn með ársskýrslunni sá að gera grein fyrir umfangi starfseminnar og árangri. Skýrslunni fylgi ársreikningur félagsins sem innihaldi greinargott yfirlit um tekjur og ráðstöfun þeirra.

IV. Skyldur Hörgársveitar, fjármál og rekstur

11. gr.

Hörgársveit ber kostnað af uppbyggingu, viðhaldi og rekstri íþróttamannvirkjana. Samnýting verði milli beggja aðila á tækjum og búnaði.

12. gr.

Starfsmenn Hörgársveitar eða verktaki á vegum sveitarfélagsins annast slátt og hirðingur íþróttasvæðisins og umhverfi þess.

13. gr.

Hörgársveit veitir UMF Smáranum árlegan rekstrarstyrk. Upphæð fjárhæðarinnar er kr. 1.000.000- og miðast við vísitölu neysluverðs við undirritun samnings og tekur mið af breytingu vísitölunnar. Vísitala neysluverðs við gerð fjárhagsáætlunar skal ráða upphæð greiðslunnar næsta ár á eftir. Greiðsludagur rekstrarstyrks er 1. mars.

V. Gildistími samnings

14. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn, en hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp eða óskað endurskoðunar hans með 6 mánaða fyrirvara.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. nóvember 2023